

Hafnarfjarðarkaupstaður
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 HAFNARFJÖRDUR

Garðabær, 12. september 2024
Málsnúmer: 202407-0039
LA

Efni: Vinnslutillaga að nýju deiliskipulagi fyrir borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni.

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarkaupstað, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 17. júlí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi borteiga í sunnanverðu Kapelluhrauni.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn til Hafnarfjarðarkaupstaðar um skipulags- og matslýsingu vegna áætlaðra aðalskipulagsbreytinga vegna borteiga Coda Terminal (15. janúar, 21. febrúar, 29. febrúar og 11. maí 2024), ásamt umsögn til Skipulagsstofnunar um umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda Coda Terminal (10. júlí 2024). Ekki hafa orðið afgerandi breytingar frá fyrri lýsingum og því er vísað í þessar umsagnir Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun ítrekar þá ábendingu að staðsetning á syðstu borteigunum, merktir nr. 4, 6 og 7, verði endurskoðuð þar sem um eru að ræða lítt eða óröskuð svæði í nútímahrauni og í nálægð borteiga eru hraunhellar, en báðar þessar hraunmyndanir njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013). Sérstaklega er þörf á að flytja borteig nr. 4 norðan við núverandi vegslóða, vestan við akstursípróttasvæði, og koma þannig í veg fyrir rask á heildstæðum hraunfláka. Þá telur Náttúrufræðistofnun vera fulla ástæðu til að meta verndargildi nyrsta hluta hverfisverndarsvæðisins, HVb8, áður en farið er í breytingar á landnotkun skipulagsins. Meðal annars þarf að kanna hvort innan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða finnist sjaldgæfar plöntur eða hraunhellar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á ábendingum á síðari stigum málsins

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur